

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Þórisstaða.*
Í breytingunni felst að Lyngmói 1 (áður 42) stækkar og einnig er gert er ráð fyrir nýrri lóð undir spennistöð úr lóð 1.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. nóvember 2013.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Búrfells 1, svæði 1 og 2.*
Í breytingunni felst að verið er að lagfæra afmörkun og legu lóða til samræmis við þinglýsta skráningu og hnitsetningu þeirra. Í þessu felst einnig breyting á legu vega innan svæðanna og tengingu þeirra inn á þjóðveg.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. júlí 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. nóvember 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.